

Mannfjöldi 1. janúar 2010

Population 1 January 2010

Samantekt

Fólksfækkun varð á landinu á árinu 2009 í fyrsta sinn frá lokum 19. aldar. Þann 1. janúar 2010 voru 317.630 íbúar með fasta búsetu á Íslandi, samanborið við 319.368 ári áður. Fækkunin nemur hálftu prósentu. Á síðustu fimm árum hefur fjölgun landsmanna þó verið hlutfallslega ör eða 1,6% á ári að jafnaði.

Fólki fækkaði á öllum landsvæðum á árinu 2009. Fækkunin varð mest á Austurlandi og á Vesturlandi, en minnst á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu. Mannfækkunin stafar af miklum búferlaflutningum frá landinu.

Á undanförunum fimm árum varð íbúafjölgunin mest á Suðurnesjum, en á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi hefur fjölgað lítillega meira en sem nemur landsmeðaltali, en lítillega undir landsmeðaltali á Vesturlandi. Á Austurlandi og Norðurlandi eystra fjölgaði talsvert minna en sem nemur landsmeðaltali. Á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra varð fólksfækkun á síðustu fimm árum.

Þann 1. janúar 2010 voru á landinu 1.014 karlar á móti hverjum 1.000 konum. Kynjahlutfallið hafði því jafnast, en vegna mikils aðflutnings erlendra karlmanna á árunum 2005–2008 hafði það raskast mjög. Ójafnast var hlutfallið 1. janúar 2008 þegar það var 1.041 karl fyrir hverjar 1.000 konur.

Breytingar á mannfjölda

Mannfjöldi þann 1. janúar 2010 var 317.630, sem er fækkun um 1.738 frá 1. janúar 2009 þegar mannfjöldinn var 319.368. Fólksfækkunin nemur því um 0,5%. Þetta er mikil breyting frá næstu fjórum árum á undan þegar meðalfjölgun á ári var 2,1%. Árin 2006 og 2007 náði fólksfjölgun á landinu sögulegu hámarki þegar fjölgaði um tæplega 7.800 manns hvort ár. Þrátt fyrir fækkun á síðasta ári er mannfjölgun á undanförunum fimm árum, frá ársbyrjun 2005, engu að síður mikil í sögulegu samhengi, eða 1,6% að jafnaði á ári.

Miklir brottflutningar

Fólksfækkun á landinu á árinu 2009 skýrist af miklum fólksflutningum frá landinu umfram aðflutta. Á árinu 2009 fluttu til útlanda 4.835 einstaklingar umfram aðflutta. Náttúruleg fjölgun var um 1% árið 2009, en hefur verið 0,8–0,9% allt frá árinu 1994.

Erlendir ríkisborgarar

Flutningsjöfnuður á Íslandi hefur á síðustu áratugum sveiflast í kringum núll. Fjögur ár, 2005–2008, skera sig úr, en þá var flutningsjöfnuður jákvæður um samtals 15.391 einstakling. Á þessum fjórum árum var flutningsjöfnuður íslenskra ríkisborgara hins vegar neikvæður um 806 manns. Alls fluttu því tæplega 16.200 erlendir ríkisborgarar til landsins umfram brottflutta.



Árið 2009 brá hins vegar svo við að flutningsjöfnuður íslenskra ríkisborgara var neikvæður um 2.466 manns, en erlendra ríkisborgara um 2.369 manns. Þegar árin fimm frá 2005 eru tekin saman er flutningsjöfnuður erlendra ríkisborgara jákvæður um 13.828 manns en íslenskra ríkisborgara neikvæður um 3.272 manns. Af þessu leiðir að hlutur erlendra ríkisborgara í mannfjöldanum er enn mjög hár þrátt fyrir fækkun vegna búferlaflutninga.

Þann 1. janúar 2010 var 21.701 erlendur ríkisborgari búsettur á Íslandi, eða 6,8% af mannfjöldanum. Flestir voru erlendir ríkisborgarar 1. janúar 2009 þegar þeir voru 7,6% mannfjöldans.

Kynjahlutfall jafnast

Konur hafa jafnan verið hlutfallslega fleiri en karlar í hópi erlendra ríkisborgara á Íslandi. Eftir 2005 snerist það við og urðu erlendir karlmenn hlutfallslega flestir 1. janúar 2007 þegar þeir voru 62% allra erlendra ríkisborgara. Þann 1. janúar 2010 var hlutur þeirra kominn í 53,5%.

Íbúápróun á einstaka landsvæðum

Árið 2009 fækkaði íbúum á öllum landsvæðum, þó einna minnst á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Það er breyting frá fyrri árum en fólksfækkun hefur jafnan verið mest á þessum tveim landsvæðum. Á Vestfjörðum fækkaði um 23 einstaklinga en um 7 manns á Norðurlandi vestra. Það jafngildir um 0,3% fækkun á Vestfjörðum en 0,1% í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

Fólksfækkun var mest á Austurlandi, 390 manns eða 3,0% frá 1. janúar 2009. Þar á eftir kom Vesturland, en þar fækkaði um 2,1% eða 337 manns. Á Suðurlandi fækkaði um 1,1% eða 271 einstakling, og 0,9% á Suðurnesjum eða um 185 íbúa. Á Norðurlandi eystra fækkaði um 0,6% eða 181 íbúa. Hlutfallslega var fækkunin næstminnst á höfuðborgarsvæðinu, en þar fækkaði um 0,2% eða 311 íbúa.

Fólksfjöldapróun síðustu fimm ára

Þegar litið er til síðustu fimm ára blasir nokkuð önnur mynd við. Þá eru Suðurnes töluvert fyrir ofan landsmeðaltal með 4,5% árlega fjölgun. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði rétt ofan við landsmeðaltal, 1,7% á ári að meðaltali, sem og á Suðurlandi, þar sem fjölgaði um 1,8% á ári. Árleg fjölgun á Vesturlandi síðustu fimm ár var nokkuð undir landsmeðaltali, eða 1,3%, en á Norðurlandi eystra og Austurlandi nam árleg fjölgun aðeins 0,3% á hvoru landsvæði um sig. Á síðustu fimm árum hefur árleg fækkun á Vestfjörðum verið 0,9% en 0,5% á Norðurlandi vestra.

Íbúápróun í sveitarfélögum

Sveitarfélög á Íslandi voru alls 77 þann 1. janúar 2010. Þau eru misfjöldmenn. Reykjavíkurborg var fjölmennasta sveitarfélagið með 118.326 íbúa en Árneshreppur á Ströndum var fámennast með 50 íbúa. Alls hafa 26 sveitarfélög færri en 500 íbúa, en í aðeins 9 sveitarfélögum búa 5.000 íbúar eða fleiri (sjá töflu 1).

Stærstu sveitarfélögin standa í stað

Á árinu 2009 fækkaði íbúum í 45 af 77 sveitarfélögum landsins. Af 13 minnstu sveitarfélögunum fjölgaði í 10 þeirra um samtals 41 íbúa, en í hinum þremur var veruleg fólksfækkun, einkum í Fljótsdalshreppi. Fækkun var í fjórum af níu stærstu sveitarfélögunum, en samanlagt stóð mannfjöldi í þeim nær því í stað.

Þróun síðustu fimm ára

Þegar litið er til íbúáþróunar síðustu fimm ára var mest árleg fjölgun í stærstu sveitarfélögunum, en þar á eftir í sveitarfélögum með 1.000–1.999 íbúa. Árleg fækkun var samtals í sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa. Ef Fljótsdalshreppur er undanskilinn, en íbúáþróun þar er um margt sérstök, fjölgaði íbúum í minnstu sveitarfélögunum hins vegar að meðaltali um 1% á ári frá 1. janúar 2005 til 1. janúar 2010, eða alls um 73 íbúa.

Tafla 1. Íbúáþróun 2005–2010 eftir stærð sveitarfélaga

Table 1. Population change 2005–2010 by size groups of municipalities

	Sveitarfélög alls <i>Municipalities, total</i>	Mannfjöldi 1. janúar 2010 <i>Population 1 January 2010</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	
			Breyting frá 2009 <i>Change from 2009</i>	Meðalbreyting á ári sl. 5 ár <i>Average annual change last 5 years</i>
Alls <i>Total</i>	77	317.630	-0,5	1,6
5.000+	9	239.816	0,0	2,0
2.000–4.999	13	42.939	-0,3	0,3
1.000–1.999	10	16.555	-0,3	1,4
500–999	19	12.240	-0,1	-0,1
200–499	13	4.498	-0,2	-0,8
<200	13	1.582	-0,2	-1,2

Íbúáþróun í þéttbýli og strjálbýli

Tæplega 63% mannfjöldans 1. janúar 2010 býr í Reykjavíkurbéttbýlinu, þ. e. samfelldri byggð frá Hafnarfirði til Mosfellsbæjar, eða 199.889 manns. Í strjálbýli búa utan byggðakjarna búa 16.707 einstaklingar, eða 5,3% mannfjöldans. Minnstu byggðakjarnarnir með 50–199 íbúa eru alls 31, en þar býr aðeins 1% mannfjöldans.

Frá árinu 2005 hefur íbúum í strjálbýli fækkað árlega um 1,2%. Þann 1. janúar 2005 bjuggu 7,3% landsmanna í strjálbýli, en í janúar 2010 bjuggu hins vegar 6,4% íbúa landsins í slíkum byggðarlögum.

Konur frekar í þéttbýli

Kynjahlutföll fara mjög eftir þéttbýlisstigi. Þannig eru 990 karlar á hverjar 1.000 konur í Reykjavíkurbéttbýlinu. Þetta hlutfall breytist körlum í vil eftir því sem þéttbýlið verður fámennara. Ójafnast er kynjahlutfallið í strjálbýli utan byggðakjarna, en þar var 1.151 karl á móti 1.000 konum þann 1. janúar 2010.

Tafla 2. Mannfjöldi og kynjahlutfall í þéttbýlisstöðum eftir stærð*Table 2. Population and sex ratio by size groups of localities*

1. janúar 2010 1 January 2010	Fjöldi þéttbýlisstaða <i>Number of localities</i>	Mann- fjöldi alls <i>Population, total</i>	Karlar á hverjar 1.000 konur Hlutfall <i>Males per 1,000 females Percent</i>
Allt landið Whole country	•	317.630	100,0
Staðir með 200 íbúa eða fleiri <i>Localities with 200+ inhabitants</i>	61	297.202	93,6
100.000+	1	199.889	62,9
10.000–99.999	2	30.295	9,5
5.000–9.999	2	13.042	4,1
2.000–4.999	7	19.086	6,0
1.000–1.999	13	17.703	5,6
500–999	15	10.813	3,4
200–499	21	6.374	2,0
Strjálbýli Rural areas	•	20.428	6,4
100–199	20	2.908	0,9
50–99	11	813	0,3
Annað strjálbýli Other	•	16.707	5,3


Íbúapróun í byggðakjörnum

*Fólksfjöldaþróun síðustu
fimm ára*

Byggðakjarnar með 50 íbúum eða fleirum voru 98 hinn 1. janúar 2010. Á síðustu fimm árum fjölgaði í 31 byggðakjarna umfram meðalfjölgun síðustu fimm ára, en fækkaði eða stóð í stað í 44 byggðakjörnum. Fjölgun var í 23 byggðakjörnum til viðbótar, en undir landsmeðaltali. Örastur var vöxturinn í nýlegum byggðakjörnum, Melahverfi í Hvalfirði, Lónsbakka í Hörgárbyggð, Borg í Grímsnesi og Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit, en þar og í Reyðarfirði fjölgaði íbúum um meira en 6% á ári síðastliðin fimm ár. Af stærri byggðarlögum uxu Keflavík og Njarðvík og Egilsstaðir hvað hraðast undanfarin fimm ár, eða hvor byggðakjarninn um sig um 5,2% að meðaltali á ári. Hlutfallslega mest fækkun var á Þingeyri, á Laugarbakka og á Bakkafirði, en þar fækkaði fólki um meira en 4% að jafnaði á ári síðastliðin fimm ár.

Mynd 1. Íbúapróun eftir byggðakjörnum, árleg breyting 2005–2009

Figure 1. Annual average population change by urban nuclei 2005–2009



Fækkun í flestum byggðakjörnum á árinu 2009

Á árinu 2009 fækkaði í 54 byggðakjörnum meir en sem nam meðalfækkun á landinu. Fækkun var í 13 byggðakjörnum til viðbótar, en í 31 byggðakjörnum fjölgaði íbúunum. Fólksfækkun var yfir 10% í sex minni byggðakjörnum, Laugarási, Borg í Grímsnesi, Höfn, Hvanneyri, Árbæjarhverfi í Ölfusi og Bifröst. Af stærri byggðakjörnum fækkaði fólki mest í Borgarnesi (6,5%) og á Siglufirði (4,9%).

Fjölgun var mest á árinu 2009 á Breiðdalsvík, á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit, á Svalbarðseyri og á Bíldudal, þar sem fólki fjölgaði yfir 6%. Af stærri byggðakjörnum uxu Garðabær og Mosfellsbær mest á árinu 2009, Garðabær um 2,8% en Mosfellsbær um 1,7%.


Mannfjöldi eftir kyni

Kynjahlutfall jafnaðist 2010

Á undanförunum fimm árum hefur kynjahlutfall í landinu raskast mikið. Þessari röskun olli gríðarlegur aðflutningur karla til landsins á árunum 2005–2008. Reyndar skekktust allar búferlaflutningatölur á þessu árabili, enda voru karlar þá einnig í miklum meirihluta þeirra sem fluttu af landi brott á árabilinu 2006 og síðar. Hlutfallslega urðu konur fæstar 1. janúar 2008 en þá var 1.041 karl á móti hverjum 1.000 konum. Hinn 1. janúar 2010 hafði þetta hlutfall jafnast nokkuð og voru þá 1.014 karlar á hverjar 1.000 konur. Jöfnunina má einkum rekja til þess að kynjahlutfall í aðflutningum 2009 hafði náð jafnvægi á meðan karlar voru enn í miklum meirihluta fólks í brottflutningum.

Mynd 2. Fjöldi karla á hverjar 1.000 konur 1998–2010

Figure 2. Number of males per 1,000 females 1998–2010



Mannfjöldi eftir aldri

Aldursflokkarnir frá nýfæddum til 54 ára voru svipaðir að stærð þann 1. janúar 2010 með 21–24 þúsund í hverjum fimm ára aldurshópi. Frá 55 ára aldri fækkar hins vegar ört í árgöngum. Alls voru 43 einstaklingar 100 ára eða eldri, þar af 35 konur. Fjölmennasti aldurshópurinn er fólk á aldrinum 25–29 ára, þá 15–19 ára og loks 0–4 ára.


Mannfjöldapýramídinn eins og
kókflaska

Þegar litið er eingöngu á aldursdreifingu íslenskra ríkisborgara má sjá að lögun hins svokallaða mannfjöldapýramíða minnir fremur á kókflösku en pýramíða (mynd 3). Lögunin ræðst af bylgju fæðinga fyrr á árum. Á sjötta og fram á sjöunda áratuginum voru fæðingarárgangar mjög stórir. Mjög dró úr fæðingum fram undir lok níunda áratugarins. Fjölmennir fæðingarárgangar 0–4 ára endurspeglar aukna fæðingartíðni á síðustu fimm árum.

Erlendir ríkisborgarar eru flestir á aldrinum 20–39 ára. Það má því segja með nokkrum rétti að þeir fylli upp í það skarð sem hlutfallslega fámennari íslenskir fæðingarárgangar á þeim aldri hafa skilið eftir sig.

Mynd 3. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og ríkisfangi 1. janúar 2010

Figure 3. Population by sex, age and citizenship 1 January 2010




Tvö meginmynstur í
aldursdreifingunni

Þegar aldursdreifingin er skoðuð eftir landsvæðum koma í ljós tvö meginmynstur. Annars vegar fylgir aldursdreifingin utan höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja því mynstri sem sést þegar íslenskir ríkisborgarar eru skoðaðir eingöngu fyrir landið allt. Aldurshópurinn 30–39 ára er þar hlutfallslega fámennastur. Ungt fólk á aldrinu 10–19 ára er fjölmennast en aldurshópurinn 0–9 ára er talsvert fámennari en meðal þjóðarinnar í heild (mynd 4). Sérstaklega er þetta þó áberandi á Vestfjörðum og Austurlandi, en þar verða erlendir ríkisborgarar þó til að bæta upp fámenni í þessum aldurshópum. Á suðvesturhorni landsins, á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum eru aldurshóparnir 20–39 ára hins vegar hlutfallslega fjölmennastir.

Mynd 4. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og landsvæði 1. janúar 2010

Figure 4. Population by sex, age and region 1 January 2010



Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast. Börnum fækkar hlutfallslega en eldra fólki fjölgar. Í ársbyrjun 2010 var fólk á vinnualdri, þ.e. 20–64 ára, 59,6% landsmanna en hlutfallið var 60% ári áður. Sú fækkun stafar af hlutfallslega fleira fólki á vinnualdri en í öðrum aldurshópum sem flutti úr landi umfram aðkomna á árinu 2009.

Á síðastliðnum fimm árum hefur fólki á aldrinum 0–19 ára fækkað úr 29,6% af þjóðinni í 28,4% en fólki sem er eldra en 64 ára fjölgað um úr 11,8% í 12%.

Framfærsluhlutfall


Reikna má út samfélagsleg áhrif þessara breytinga með svokölluðu framfærsluhlutfalli (e. *dependency ratio*). Það er annars vegar reiknað sem hlutfall eldra fólks (65 ára og eldri) af fólki á vinnualdri (20–64 ára) og hins vegar sem hlutfall barna og ungs fólks undir tvítugu af fólki á vinnualdri.

Framfærsluhlutfall barna og ungs fólks undir tvítugu var misjafnt eftir landsvæðum. Í ársbyrjun 2010 var það lægst á höfuðborgarsvæðinu, 46 af hverjum 100 á vinnualdri og Austurlandi, 47 af hundraði. Þetta hlutfall var hæst á Norðurlandi eystra þar sem það var 53 af hverjum 100 á vinnualdri. Á öðrum landsvæðum var framfærsluhlutfall ungmenna á bilinu 49 til 52 af hundraði.

Framfærsluhlutfall þeirra sem eldri eru var aftur á móti hæst á Norðurlandi vestra, þar sem það var 28 af hundraði á vinnufærum aldri. Langlægst var þetta hlutfall á Suðurnesjum eða 15 af hverjum 100 og á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 19 af hverjum 100. Á öðrum landsvæðum var hlutfallið milli 22 og 24 af hundraði íbúa á vinnualdri.

Mynd 5. Framfærsluhlutföll eftir landsvæði 1. janúar 2010

Figure 5. Dependency ratios by region 1 January 2010



Flest ungmenni í Skorradalshreppi

Framfærsluhlutfallið er mun breytilegra ef lítið er á einstök sveitarfélög. Lítið að græða sundurliðun á upplýsingum um framfærsluhlutfall eldri borgara eftir sveitarfélögum. Búseta fólks á ellilífeyrisaldri dreifist ójafnt eftir sveitarfélögum þar sem dvalar- og hjúkrunarheimili eru ekki í þeim öllum. Framfærsluhlutfall barna og ungmenna var hins vegar hæst í Skorradalshreppi í ársbyrjun 2010 þar sem 69 ungmenni eru á móti hverjum 100 á vinnufærum aldri, og í Skagabyggð þar sem hlutfallið er 67 af hundraði. Önnur sveitarfélög með hlutfallslega mörg börn og ung-

menni á hvern mann á vinnualdri voru Sveitarfélagið Álftanes, Eyjafjarðarsveit og Bæjarhreppur þar sem framfærsluhlutfallið var yfir 60 af hundraði.

Framfærsluhlutfall barna og ungmenna var hins vegar langlægst í Tjörneshreppi þar sem það var 18 af 100. Í Kaldrananeshreppi, Skaftárhreppi og Fljótsdalshreppi var þetta hlutfall milli 31 og 35 af hundraði.

Kjarnafjölskyldur

Þann 1. janúar 2010 voru kjarnafjölskyldur á landinu alls 77.227 og hafði fjölgað lítillega frá árinu áður. Barnafjölskyldum fækkaði hins vegar um 164, en barnlausum hjónaböndum og sambúð fjölgaði um 344. Einhleypir voru 1.696 færri hinn 1. janúar 2010 en ári áður. Staðfestri samvist og óvígðri sambúð einstaklinga af sama kyni fækkaði á árinu 2009 um fjögur sambönd. Sú fækkun stafar aðallega af níu færri barnlausum samböndum 1. janúar 2010 samanborið við árið áður.

Tafla 3. Kjarnafjölskyldur 2005–2010

Table 3. Nuclear families 2005–2010

1. janúar 1 January	2005	2008	2009	2010
Kjarnafjölskyldur alls Nuclear families, total	72.837	75.856	77.047	77.227
Hjónabönd Married couples				
Án barna Without children	24.916	26.675	27.433	27.943
Með börn With children	23.747	24.232	24.316	23.808
Staðfest samvist Registered partnerships				
Án barna Without children	66	101	110	110
Með börn With children	12	23	26	31
Óvígð sambúð Consensual unions				
Sambúð gagnstæðra kynja Different sex unions				
Án barna Without children	3.188	3.212	3.159	3.002
Með börn With children	8.835	9.319	9.434	9.460
Sambúð sömu kynja Same sex unions				
Án barna Without children	•	53	64	55
Með börn With children	•	11	13	13
Einstæðir feður með börn Single fathers with children	909	1.064	1.090	1.102
Einstæðar mæður með börn Single mothers with children	11.164	11.166	11.402	11.703
Utan kjarnafjölskyldu Not in nuclear families	81.041	95.793	96.995	95.299

Hugtök og aðferðir

- Flutningsjöfnuður* Flutningsjöfnuður er mismunur aðfluttra og brottfluttra á tilteknu svæði á einu ári. Jákvæður flutningsjöfnuður er þegar aðfluttir eru fleiri en brottfluttir.
- Náttúruleg fjölgun* Með náttúrulegri fjölgun er átt við fjölda fæddra umfram dána á tilteknu svæði á einu ári. Hún nefnist náttúruleg fækkun ef hún er neikvæð, þ.e. ef dánir eru fleiri en fæddir.
- Kjarnafjölskylda* Kjarnafjölskyldur teljast vera hjón eða sambúðarfólk með eða án barna undir 18 ára, eða einstæðir feður eða mæður með börn á framfæri undir 18 ára aldri. Einstaklingar 18 ára og eldri sem ekki eru í sambúð eða hjónabandi og hafa ekki barn á sínu framfæri teljast utan kjarnafjölskyldu, jafnvel þótt að þeir dveljast enn hjá foreldrum sínum.
- Mannfjöldinn* Til mannfjöldans 1. janúar ár hvert teljast allir þeir sem hafa lögheimili sitt í viðkomandi sveitarfélagi í upphafi árs. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika (1. gr. laga nr. 21/1990). Hverjum þeim sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi í sex mánuði eða lengur ber að skrá lögheimili sitt á Íslandi. Dveljist hann eða ætlar að dvelja vegna atvinnu eða náms í þrjá mánuði eða lengur má hann þó eiga lögheimili hér (2. gr. s.l.).
- Byggðakjarni* Byggðakjarni er byggð, þorp eða annað tilgreint svæði innan eins sveitarfélags með 50 íbúum eða fleirum þar sem íbúarnir búa í nágrenni hvern við annan. Miðað er við að fjarlægð sé að hámarki 200 metrar milli húsa, en þó geta verið þar undantekningar á vegna landfræðilegra aðstæðna, veghelgunarsvæða eða skipulagðra svæða milli íbúðarhúsa eða hverfa, s.s. atvinnusvæða eða útivistarsvæða. Þá er miðað við að 2/3 íbúanna hafi atvinnu af öðru en landbúnaði. Byggðakjarninn verður að hafa formlegt eða óformlegt heiti. Samfelld þéttbýli sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag er skipt í jafn marga byggðakjarna og sveitarfélögin eru.

Frá upphafi hefur Hagstofan gert þá undantekningu frá ofangreindri skilgreiningu að allir íbúar kaupstaða teljast til þéttbýlis þar, enda þótt nokkurt strjálbýli sé innan sumra þeirra, svo og hreppar þar sem strjálbýli er innan við 10% íbúanna.¹ Þessu hefur verið haldið þrátt fyrir að eiginlegir kaupstaðir hafi verið aflagðir og margir þeirra eða hinna svokölluðu þéttbýlishreppa hafa sameinast öðrum sveitarfélögum. Hagstofan áformar í ljósi breyttra aðstæðna og upplýsinga um hnitsetningu einstakra húsa frá Fasteignaskrá Íslands að endurskoða sundurliðunina eftir byggðakjörnum og færa nær alþjóðlegum skilgreiningum. Nánari grein verður gerð fyrir þessari endurskoðun og niðurstöðum hennar með sérstakri fréttatilkynningu síðar á árinu.

Vegna byggðakjarna telur Hagstofan að aðeins skuli telja þéttbýlið í Keflavík og Njarðvík ásamt nýju íbúðarsvæði á fyrrum varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli sem einn byggðakjarni. Þrír nýir byggðakjarnar hafa komið fram frá því síðast var gerð grein fyrir þeim í yfirliti yfir mannfjöldann 1. janúar 2008. Þessir byggðakjarnar

¹ Hagstofa Íslands. Mannfjöldaskýrslur árin 1961–1970, Reykjavík 1975.

eru: Melahverfi í Hvalfirði frá 2003, Lónsbakki í Hörgárbyggð frá 2002 og Borg í Grímsnesi frá 2009.¹

Þéttbýlisstaður Með þéttbýlisstað er átt við einn eða fleiri samliggjandi byggðakjarna.

Byggðastig Stærðarflokkun þéttbýlisstaða er lögð til grundvallar skiptingu íbúanna eftir byggðarstigi og aðgreiningu í þéttbýlisstaði, fámennari þéttbýlisstaði og strjálbýli. Árið 1960 tók Hagstofan að skipta mannfjölda í þéttbýli og strjálbýli samkvæmt sameiginlegri skilgreiningu sem hagstofurnar á Norðurlöndum nota og tekur mið af reglum Sameinuðu þjóðanna. Er þá notuð sundurliðun eftir byggðarstigi, þ.e. flokkun eftir íbúatölu þéttbýlisstaða. Mörk þéttbýlis og strjálbýlis eru sett við þéttbýlisstaði með 200 íbúa eða fleiri.

Sameining sveitarfélaga Sveitarfélög voru alls 77 á landinu þann 1. janúar 2010. Árið 2009 sameinaðist Grímseyjarhreppur og Akureyrarkaupstaður undir heiti síðarnefnda sveitarfélagsins. Árið 2008 sameinuðust Aðaldælahreppur og Þingeyjarsveit undir heiti síðarnefnda sveitarfélagsins.

Leiðrétting 2008 talna Við vinnslu gagna um búferlaflutninga á árinu 2008 kom í ljós að óvenjumiklar tafir á skráningu aðflutninga undir lok ársins 2007 höfðu valdið vanmati á flutningstöllum það ár og að sama skapi vanáætlun á mannföldanum 1. janúar 2008. Vegna þessa gaf Hagstofan út endurreiknaðar tölur um mannföldann 1. janúar 2008. Samkvæmt þeim var mannfjöldi 1. janúar 2008 315.459 í stað 313.376, sem áður hafði verið birt.

¹ Ártölin eru miðuð við hvenær byggðakjarnarnir voru fyrst aðgreindir frá umliggjandi strjálbýli í skrá þjóðskrár eða náðu 50 íbúa markinu, hvort sem síðar varð.

English Summary

The population of Iceland has decreased for the first time since 1889. On 1 January 2010 the population was 317,630, compared with 319,368 1 January 2009. The population decrease is due to a record negative net migration in 2009, while the natural increase (births less deaths) was 1%. The population has nevertheless grown in the past five years by an annual average growth rate of 1.6%.

The population decreased in all regions of the country, mostly in the East and West regions. Least affected were the Capital region and the Westfjords and Northwest regions.

The Westfjords and Northwest regions have traditionally been affected by emigration, being the only regions in the past 5 years showing a population decrease. Two other regions, the East and Northeast have in the past 5 years grown significantly less than the average for the country as a whole. The Southwest has grown well above the national average since 2005.

Due to gender mismatch in the emigration, the sex ratio has been corrected. In the period 2005 to 2008 immigrants were dominantly males, bringing the sex ratio to 1,041 males per 1,000 women in 2008. In 2010 this ratio was down to 1,014 males per 1,000 women.

The age distribution in Iceland shows fairly even numbers in each 5-year age group up to 55 years and over, where numbers begin to decline. When broken down by citizenship, the figures show fewer persons of Icelandic citizenship in the age groups 20–44 years, especially in the age groups 30–39 years. The proportion of foreign citizens is highest in these age brackets.

The age dependency ratio, i.e. the ratio of the young and the old to working age persons (20–64 years), was lower on 1 January 2010 than the previous year, due to a disproportionally high number of working age persons emigrating in 2009. Historically, this ratio is nevertheless rising, as the number of young persons (below 20 years of age) is going down while there is an increase, but smaller, in the number of older persons, 65 years and over.

Tafla 4. Mannfjöldi og framfærsluhlutfall ungra eftir sveitarfélögum 2005–2010*Table 4. Population and young age dependency ratio by municipalities 2005–2010*

	Mannfjöldi 1. janúar <i>Population 1 January</i>						Árleg breyting, % <i>Annual change, %</i>		Framfærslu- hlutfall ungra <i>Young age dep. ratio</i>
				2010			2005 /2010	2009 /2010	
	2005	2008	2009	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>			
Allt landið <i>Whole country</i>	293.577	315.459	319.368	317.630	159.936	157.694	1,6	-0,5	47,7
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	184.244	197.945	201.251	200.907	99.993	100.914	1,7	-0,2	45,7
Reykjavík	113.848	118.827	119.547	118.326	58.689	59.637	0,8	-1,0	42,0
Kópavogur	25.803	28.885	29.976	30.357	15.084	15.273	3,3	1,3	49,2
Seltjarnarnes	4.548	4.454	4.403	4.395	2.181	2.214	-0,7	-0,2	45,1
Garðabær	9.053	9.982	10.358	10.643	5.241	5.402	3,3	2,8	50,1
Hafnarfjörður	22.000	25.036	25.850	25.913	12.986	12.927	3,3	0,2	52,5
Sveitarfélagið Álftanes	2.032	2.378	2.518	2.523	1.287	1.236	4,4	0,2	63,3
Mosfellsbær	6.817	8.192	8.403	8.553	4.412	4.141	4,6	1,8	55,8
Kjósarhreppur	143	191	196	197	113	84	6,6	0,5	37,9
Suðurnes <i>Southwest</i>	17.110	20.659	21.544	21.359	11.029	10.330	4,5	-0,9	51,8
Reykjanesbær	10.952	13.440	14.172	14.091	7.223	6.868	5,2	-0,6	50,2
Grindavíkurbær	2.494	2.779	2.850	2.837	1.469	1.368	2,6	-0,5	56,7
Sandgerði	1.398	1.749	1.754	1.710	894	816	4,1	-2,5	52,8
Sveitarfélagið Garður	1.329	1.460	1.550	1.515	803	712	2,7	-2,3	51,3
Sveitarfélagið Vogar	937	1.231	1.218	1.206	640	566	5,2	-1,0	59,8
Vesturland <i>West</i>	14.422	15.569	15.707	15.370	7.911	7.459	1,3	-2,1	52,4
Akranes	5.657	6.401	6.609	6.549	3.364	3.185	3,0	-0,9	54,7
Skorradalshreppur	64	61	57	61	33	28	-1,0	7,0	69,0
Hvalfjarðarsveit	560	686	641	624	337	287	2,2	-2,7	54,1
Borgarbyggð	3.446	3.781	3.744	3.542	1.804	1.738	0,6	-5,4	52,4
Grundarfjarðarbær	938	918	925	904	457	447	-0,7	-2,3	50,5
Helgafellssveit	47	58	60	63	36	27	6,0	5,0	42,9
Stykkishólmur	1.141	1.111	1.111	1.092	567	525	-0,9	-1,7	46,1
Eyja- og Miklaholtshreppur	139	128	129	139	72	67	0,0	7,8	44,2
Snæfellsbær	1.719	1.716	1.717	1.702	877	825	-0,2	-0,9	50,5
Dalabyggð	711	709	714	694	364	330	-0,5	-2,8	48,8
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	7.700	7.336	7.385	7.362	3.791	3.571	-0,9	-0,3	48,5
Bolungarvík	930	908	966	970	521	449	0,8	0,4	44,0
Ísafjarðarbær	4.134	3.976	3.972	3.899	1.965	1.934	-1,2	-1,8	49,2
Reykhólahreppur	262	267	280	291	148	143	2,1	3,9	55,4
Tálknafjarðarhreppur	325	295	308	299	159	140	-1,7	-2,9	50,9
Vesturbyggð	1.019	928	900	935	481	454	-1,7	3,9	44,3
Súðavíkurhreppur	235	214	212	202	106	96	-3,0	-4,7	52,2
Árneshreppur	57	48	49	50	25	25	-2,6	2,0	37,9
Kaldrananeshreppur	117	103	110	112	55	57	-0,9	1,8	31,2
Bæjarhreppur	103	98	98	96	49	47	-1,4	-2,0	61,2
Strandabyggð	518	499	490	508	282	226	-0,4	3,7	57,8

Tafla 4. Mannfjöldi og framfærsluhlutfall ungra eftir sveitarfélögum 2005–2010 (frh.)
 Table 4. Population and young age dependency ratio by municipalities 2005–2010 (cont.)

	Mannfjöldi 1. janúar <i>Population 1 January</i>						Framfærslu- hlutfall ungra		
				2010			Árleg breyting, % <i>Annual change, %</i>		
	2005	2008	2009	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	2005 /2010	2009 /2010	<i>Young age dep. ratio</i>
Norðurland vestra									
Northwest	7.596	7.384	7.401	7.394	3.764	3.630	-0,5	-0,1	51,1
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.145	4.038	4.078	4.131	2.110	2.021	-0,1	1,3	51,4
Húnaþing vestra	1.175	1.155	1.147	1.116	541	575	-1,0	-2,7	48,2
Blönduóssbær	917	904	907	882	455	427	-0,8	-2,8	49,4
Sveitarfélagið Skagaströnd	558	530	521	519	258	261	-1,4	-0,4	58,6
Skagabyggð	101	105	102	106	59	47	1,0	3,9	67,3
Húnavatnshreppur	486	449	428	431	233	198	-2,4	0,7	49,4
Akrahreppur	214	203	218	209	108	101	-0,5	-4,1	45,3
Norðurland eystra									
Northeast	28.422	28.902	29.081	28.900	14.504	14.396	0,3	-0,6	52,9
Akureyri	16.568	17.423	17.633	17.573	8.672	8.901	1,2	-0,3	54,0
Norðurþing	3.094	2.983	3.001	2.926	1.461	1.465	-1,1	-2,5	50,1
Fjallabyggð	2.371	2.195	2.127	2.066	1.058	1.008	-2,7	-2,9	46,1
Dalvíkurbyggð	1.944	1.959	1.947	1.949	1.011	938	0,1	0,1	55,4
Arnarneshreppur	183	171	177	178	90	88	-0,6	0,6	43,2
Eyjafjarðarsveit	993	1.009	1.039	1.025	529	496	0,6	-1,3	61,6
Hörgárbyggð	389	418	413	429	229	200	2,0	3,9	52,5
Svalbarðastrandahreppur	366	390	396	413	220	193	2,4	4,3	51,2
Grýtubakkahreppur	387	354	338	337	177	160	-2,7	-0,3	56,5
Skútustaðahreppur	437	402	388	374	196	178	-3,1	-3,6	39,3
Tjörneshreppur	64	60	58	56	32	24	-2,6	-3,4	18,2
Þingeyjarsveit	962	942	948	942	496	446	-0,4	-0,6	48,0
Svalbarðshreppur	116	115	108	111	62	49	-0,9	2,8	52,3
Langanesbyggð	548	481	508	521	271	250	-1,0	2,6	56,0
Austurland East									
Seyðisfjörður	714	715	717	706	363	343	-0,2	-1,5	38,3
Fjarðabyggð	4.137	5.155	4.723	4.641	2.511	2.130	2,3	-1,7	45,9
Vopnafjarðarhreppur	728	699	674	683	358	325	-1,3	1,3	48,4
Fljótshálfhreppur	260	394	135	89	56	33	-19,3	-34,1	34,5
Borgarfjarðarhreppur	137	146	142	134	78	56	-0,4	-5,6	41,0
Breiðdalshreppur	249	213	197	210	119	91	-3,3	6,6	40,2
Djúpavogshreppur	480	455	454	443	239	204	-1,6	-2,4	37,7
Fljótshálfshérað	3.368	4.100	3.695	3.467	1.791	1.676	0,6	-6,2	52,0
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.220	2.125	2.112	2.086	1.095	991	-1,2	-1,2	50,5

Tafla 4. Mannfjöldi og framfærsluhlutfall ungra eftir sveitarfélögum 2005–2010 (frh.)
 Table 4. Population and young age dependency ratio by municipalities 2005–2010 (cont.)

	Mannfjöldi 1. janúar <i>Population 1 January</i>						Árleg breyting, % <i>Annual change, %</i>		Framfærslu- hlutfall ungra <i>Young age dep. ratio</i>
				2010					
	2005	2008	2009	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	2005 /2010	2009 /2010	
Suðurland <i>South</i>	21.790	23.662	24.150	23.879	12.334	11.545	1,8	-1,1	51,6
Vestmannaeyjar	4.215	4.055	4.086	4.135	2.179	1.956	-0,4	1,2	51,0
Sveitarfélagið Árborg	6.530	7.635	7.922	7.811	3.988	3.823	3,6	-1,4	55,5
Mýrdalshreppur	508	489	489	510	272	238	0,1	4,3	49,8
Skaftárhreppur	507	469	465	445	241	204	-2,6	-4,3	32,9
Ásahreppur	149	173	178	190	87	103	5,0	6,7	42,2
Rangárþing eystra	1.651	1.752	1.762	1.745	898	847	1,1	-1,0	46,9
Rangárþing ytra	1.446	1.557	1.604	1.543	779	764	1,3	-3,8	52,4
Hrunamannahreppur	754	805	793	788	410	378	0,9	-0,6	58,8
Hveragerði	2.021	2.289	2.315	2.291	1.173	1.118	2,5	-1,0	50,7
Sveitarfélagið Ölfus	1.724	1.957	1.997	1.952	1.026	926	2,5	-2,3	48,5
Grímsnes- og Grafningshreppur	346	378	442	415	231	184	3,7	-6,1	39,5
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	529	536	515	517	267	250	-0,5	0,4	58,0
Bláskógabyggð	893	982	986	935	467	468	0,9	-5,2	46,6
Flóahreppur	517	585	596	602	316	286	3,1	1,0	51,5

¹ Árleg breyting á mannfjölda án tillits til leiðréttingar á flokkun tveggja íbúðarhúsa á Sólheimum sem voru fram til 2009 ekki talin með byggðakjarnanum. *Annual population change without considering a correction in the classification of two addresses in Sólheimar that were previously wrongly excluded from the nucleus.*

Tafla 5. Mannfjöldi og framfærsluhlutfall ungra eftir byggðakjörnum 2005–2010*Table 5. Population and young age dependency ratio by urban nuclei 2005–2010*

	Mannfjöldi 1. janúar <i>Population 1 January</i>						Árleg breyting, % <i>Annual change, %</i>		Framf.- hlutfall ungra
				2010			2005 /2010	2009 /2010	<i>Young age dep. ratio</i>
	2005	2008	2009	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>			
Allt landið <i>Whole country</i>	293.577	315.459	319.368	317.630	159.936	157.694	1,6	-0,5	47,7
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	184.244	197.945	201.251	200.907	99.993	100.914	1,7	-0,2	45,7
Hafnarfjörður	22.000	25.036	25.850	25.913	12.986	12.927	3,3	0,2	52,5
Garðabær	9.053	9.982	10.358	10.643	5.241	5.402	3,3	2,8	50,1
Álftanes	2.032	2.378	2.518	2.523	1.287	1.236	4,4	0,2	63,3
Kópavogur	25.803	28.885	29.976	30.357	15.084	15.273	3,3	1,3	49,2
Reykjavík	113.022	117.899	118.665	117.505	58.256	59.249	0,8	-1,0	41,9
Seltjarnarnes	4.548	4.454	4.403	4.395	2.181	2.214	-0,7	-0,2	45,1
Mosfellsbær	6.621	7.998	8.205	8.346	4.305	4.041	4,7	1,7	56,4
Mosfellsdalur	196	194	198	207	107	100	1,1	4,5	35,9
Grundarhverfi á Kjalarnesi	544	563	550	520	264	256	-0,9	-5,5	67,9
Strjálbýli ót.a.s.									
<i>Rural areas nec.</i>	425	556	528	498	282	216	3,2	-5,7	31,3
Suðurnes <i>Southwest</i>	17.110	20.659	21.544	21.359	11.029	10.330	4,5	-0,9	51,8
Grindavík	2.494	2.779	2.850	2.837	1.469	1.368	2,6	-0,5	56,7
Hafnir	120	150	142	119	62	57	-0,2	-16,2	55,9
Sandgerði	1.398	1.749	1.754	1.710	894	816	4,1	-2,5	52,8
Garður	1.329	1.460	1.550	1.515	803	712	2,7	-2,3	51,3
Keflavík og Njarðvík	10.832	13.290	14.030	13.972	7.161	6.811	5,2	-0,4	50,1
Vogar	847	1.138	1.124	1.122	580	542	5,8	-0,2	61,5
Strjálbýli ót.a.s.									
<i>Rural areas nec.</i>	90	93	94	84	60	24	-1,4	-10,6	38,0
Vesturland <i>West</i>	14.422	15.569	15.707	15.370	7.911	7.459	1,3	-2,1	52,4
Akranes	5.657	6.401	6.609	6.549	3.364	3.185	3,0	-0,9	54,7
Hvanneyri	192	308	289	252	129	123	5,6	-12,8	63,3
Kleppjárnareykir	48	53	47	50	21	29	0,8	6,4	58,6
Melahrverfi í Hvalfirði	81	128	123	111	57	54	6,5	-9,8	103,8
Borgarnes	1.757	1.960	1.955	1.828	923	905	0,8	-6,5	50,9
Bifröst	224	257,0	227	202	83	119	-2,0	-11,0	74,8
Hellissandur	389	392	400	391	201	190	0,1	-2,3	42,7
Rif	144	135	149	143	79	64	-0,1	-4,0	46,1
Ólafsvík	1.008	1.017	991	1.005	514	491	-0,1	1,4	55,7
Grundarfjörður	850	846	853	832	417	415	-0,4	-2,5	49,2
Stykkishólmur	1.141	1.111	1.111	1.092	567	525	-0,9	-1,7	46,1
Búðardalur	241	248	249	255	134	121	1,1	2,4	56,5
Strjálbýli ót.a.s.									
<i>Rural areas nec.</i>	2.690	2.713	2.704	2.660	1.422	1.238	-0,2	-1,6	47,3
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	7.700	7.336	7.385	7.362	3.791	3.571	-0,9	-0,3	48,5
Reykholar	114	129	134	131	67	64	2,8	-2,2	66,7
Patreksfjörður	663	629	617	640	321	319	-0,7	3,7	47,4
Tálknafjörður	306	280	294	285	151	134	-1,4	-3,1	51,5
Bíldudalur	226	175	176	187	100	87	-3,7	6,3	33,9
Þingeyri	335	298	264	263	126	137	-4,7	-0,4	45,3

Tafla 5. Mannfjöldi og framfærsluhlutfall ungra eftir byggðakjörnum 2005–2010 (frh.)
 Table 5. Population and young age dependency ratio by urban nuclei 2005–2010 (cont.)

	Mannfjöldi 1. janúar <i>Population 1 January</i>						Árleg breyting, % <i>Annual change, %</i>		Framf.- hlutfall ungra
				2010			2005 /2010	2009 /2010	<i>Young age dep. ratio</i>
	2005	2008	2009	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>			
Flateyri	284	287	260	250	121	129	-2,5	-3,8	34,3
Suðureyri	317	306	313	317	168	149	0,0	1,3	50,8
Bolungarvík	930	908	966	970	521	449	0,8	0,4	44,0
Ísafjörður	2.785	2.704	2.737	2.677	1.339	1.338	-0,8	-2,2	48,9
Hnífsdalur	257	237	242	242	128	114	-1,2	0,0	72,7
Súðavík	193	180	178	170	88	82	-2,5	-4,5	55,1
Drangsnes	83	61	68	72	35	37	-2,8	5,9	41,7
Hólmavík	388	381	368	386	211	175	-0,1	4,9	60,0
Strjálbýli ót.a.s. <i>Rural areas nec.</i>	819	761	768	772	415	357	-1,2	0,5	45,9
Norðurland vestra									
<i>Northwest</i>	7.596	7.384	7.401	7.394	3.764	3.630	-0,5	-0,1	51,1
Laugarbakki	81	63	63	60	29	31	-5,8	-4,8	36,7
Hvammstangi	576	605	591	579	278	301	0,1	-2,0	46,3
Blönduós	851	843	845	819	422	397	-0,8	-3,1	48,4
Skagaströnd	558	530	521	519	258	261	-1,4	-0,4	58,6
Sauðárkrókur	2.632	2.561	2.601	2.640	1.315	1.325	0,1	1,5	52,9
Varmahlíð	128	138	138	132	72	60	0,6	-4,3	56,8
Hólar í Hjaltadal	93	108	110	109	53	56	3,2	-0,9	55,1
Hofsós	173	181	185	184	95	89	1,2	-0,5	58,5
Strjálbýli ót.a.s. <i>Rural areas nec.</i>	2.504	2.355	2.347	2.352	1.242	1.110	-1,2	0,2	48,9
Norðurland eystra									
<i>Northeast</i>	28.422	28.902	29.081	28.900	14.504	14.396	0,3	-0,6	52,9
Grimsey	93	103	92	89	46	43	-0,9	-3,3	62,0
Síglufjörður	1.392	1.311	1.277	1.214	619	595	-2,7	-4,9	44,0
Ólafsfjörður	979	884	850	852	439	413	-2,7	0,2	49,1
Dalvík	1.405	1.420	1.412	1.435	731	704	0,4	1,6	55,8
Hrísey	167	186	186	189	95	94	2,5	1,6	52,0
Litli-Árskógssandur	125	133	138	142	75	67	2,6	2,9	61,3
Hauganes	143	139	134	128	65	63	-2,2	-4,5	70,8
Lónsbakki í Hörgárbyggð	64	90,0	92	93	46	47	7,8	1,1	56,9
Akureyri	16.308	17.134	17.355	17.295	8.531	8.764	1,2	-0,3	54,0
Hrafnagil	127	206	235	258	130	128	15,2	9,8	90,2
Svalbarðseyri	210	233	239	258	134	124	4,2	7,9	59,5
Grenivík	290	261	250	249	125	124	-3,0	-0,4	54,2
Reykjahlíð	208	196	185	173	92	81	-3,6	-6,5	36,4
Laugar	105	119	116	112	64	48	1,3	-3,4	63,3
Húsavík	2.323	2.262	2.279	2.229	1.093	1.136	-0,8	-2,2	49,4
Kópasker	139	127	137	126	64	62	-1,9	-8,0	68,2
Raufarhöfn	243	227	223	217	113	104	-2,2	-2,7	55,9
Þórshöfn	386	357	375	394	201	193	0,4	5,1	59,2
Bakkafjörður	109	74	78	75	42	33	-7,2	-3,8	36,7
Strjálbýli ót.a.s. <i>Rural areas nec.</i>	3.606	3.440	3.428	3.372	1.799	1.573	-1,3	-1,6	47,4

Tafla 5. Mannfjöldi og framfærsluhlutfall ungra eftir byggðakjörnum 2005–2010 (frh.)
 Table 5. Population and young age dependency ratio by urban nuclei 2005–2010 (cont.)

	Mannfjöldi 1. janúar <i>Population 1 January</i>						Árleg breyting, % <i>Annual change, %</i>		Framf.- hlutfall ungra
				2010			2005 /2010	2009 /2010	<i>Young age dep. ratio</i>
	2005	2008	2009	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>			
Austurland <i>East</i>	12.293	14.002	12.849	12.459	6.610	5.849	0,3	-3,0	47,5
Vopnafjörður	570	557	534	540	276	264	-1,1	1,1	50,3
Fellabær	417	449	451	427	212	215	0,5	-5,3	58,2
Borgarfjörður eystri	95	100	93	93	52	41	-0,4	0,0	31,0
Seyðisfjörður	714	715	717	706	363	343	-0,2	-1,5	38,3
Egilsstaðir	1.765	2.243	2.265	2.277	1.160	1.117	5,2	0,5	54,4
Neskaupstaður	1.411	1.462	1.454	1.451	751	700	0,6	-0,2	48,2
Eskifjörður	999	1.119	1.087	1.062	578	484	1,2	-2,3	46,6
Reyðarfjörður	696	1.502	1.098	1.090	605	485	9,4	-0,7	43,9
Fáskrúðsfjörður	614	689	695	667	372	295	1,7	-4,0	45,0
Stöðvarfjörður	257	232	235	223	123	100	-2,8	-5,1	47,3
Breiðdalsvík	163	149	129	144	82	62	-2,4	11,6	42,7
Djúpivogur	379	359	363	344	185	159	-1,9	-5,2	37,4
Nesjakauptún í Hornafirði	82	74	73	71	38	33	-2,8	-2,7	47,6
Höfn í Hornafirði	1.694	1.634	1.635	1.614	833	781	-1,0	-1,3	54,5
Strjálbýli ót.a.s. <i>Rural areas nec.</i>	2.437	2.718	2.020	1.750	980	770	-6,4	-13,4	39,5
Suðurland <i>South</i>	21.790	23.662	24.150	23.879	12.334	11.545	1,8	-1,1	51,6
Kirkjubæjarklaustur	137	114	120	117	59	58	-3,1	-2,5	32,8
Vík í Mýrdal	291	278	298	311	158	153	1,3	4,4	48,3
Vestmannaeyjar	4.215	4.055	4.086	4.135	2.179	1.956	-0,4	1,2	51,0
Hvolsvöllur	739	833	847	847	419	428	2,8	0,0	47,9
Hella	681	765	806	785	396	389	2,9	-2,6	54,4
Flúðir	317	365	377	382	201	181	3,8	1,3	61,2
Reykholt í Biskupstungum	182	206	192	189	101	88	0,8	-1,6	58,5
Laugarás	112	137	144	116	52	64	0,7	-19,4	25,9
Laugarvatn	179	196	203	186	87	99	0,8	-8,4	48,7
Sólheimar	68	79	79	92	43	49	3,8 ¹	3,8 ¹	17,4
Borg í Grímsnesi	28	32,0	76	63	39	24	17,6	-17,1	81,8
Selfoss	5.269	6.319	6.574	6.493	3.304	3.189	4,3	-1,2	55,5
Árbæjarhverfi í Ölfusi	57	66	63	55	31	24	-0,7	-12,7	69,0
Stokkseyri	464	482	490	468	246	222	0,2	-4,5	60,2
Eyrarbakki	575	598	587	565	294	271	-0,4	-3,7	50,9
Hveragerði	2.021	2.289	2.315	2.291	1.173	1.118	2,5	-1,0	50,7
Þorlákshöfn	1.356	1.554	1.582	1.565	812	753	2,9	-1,1	49,0
Strjálbýli ót.a.s. <i>Rural areas nec.</i>	5.099	5.294	5.311	5.219	2.740	2.479	0,5	-1,7	48,7

¹ Árleg breyting á mannfjölda án tillits til leiðréttingar á flokkun tveggja íbúðarhúsa á Sólheimum.

Tafla 6. Mannfjöldi eftir ríkisfangi, aldri og kyni 1. janúar 2010*Table 6. Population by citizenship, age and sex 1 January 2010*

	Alls <i>Total</i>			Íslenskir ríkisborgarar <i>Icelandic citizens</i>			Erlendir ríkisborgarar <i>Foreign citizens</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls <i>Total</i>	317.630	159.936	157.694	295.929	148.317	147.612	21.701	11.619	10.082
Aldur <i>Age</i>									
0–4	23.250	11.945	11.305	22.009	11.313	10.696	1.241	632	609
5–9	21.400	10.860	10.540	20.627	10.490	10.137	773	370	403
10–14	21.844	11.134	10.710	21.146	10.787	10.359	698	347	351
15–19	23.799	12.182	11.617	23.010	11.788	11.222	789	394	395
20–24	22.994	11.644	11.350	20.296	10.419	9.877	2.698	1.225	1.473
25–29	24.105	12.358	11.747	19.811	10.197	9.614	4.294	2.161	2.133
30–34	22.456	11.537	10.919	19.144	9.625	9.519	3.312	1.912	1.400
35–39	21.707	11.185	10.522	19.273	9.732	9.541	2.434	1.453	981
40–44	21.413	10.809	10.604	19.724	9.834	9.890	1.689	975	714
45–49	22.171	11.147	11.024	20.782	10.308	10.474	1.389	839	550
50–54	21.098	10.713	10.385	19.999	10.038	9.961	1.099	675	424
55–59	18.202	9.267	8.935	17.607	8.929	8.678	595	338	257
60–64	15.122	7.704	7.418	14.824	7.541	7.283	298	163	135
65–69	11.075	5.416	5.659	10.920	5.350	5.570	155	66	89
70–74	8.578	4.144	4.434	8.470	4.109	4.361	108	35	73
75–79	7.833	3.636	4.197	7.774	3.621	4.153	59	15	44
80–84	5.821	2.524	3.297	5.789	2.516	3.273	32	8	24
85–89	3.300	1.270	2.030	3.273	1.264	2.009	27	6	21
90–94	1.169	395	774	1.160	390	770	9	5	4
95–99	250	58	192	248	58	190	2	–	2
100+	43	8	35	43	8	35	–	–	–

Hagtiðindi Mannfjöldi Statistical Series *Population*

95. árg. • 22. tbl.

ISSN 0019–1078

2010:2

ISSN 1670–4479 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670–4487 (rafræn útgáfa *PDF*)Verð kr. *Price* ISK 1.300 • € 11Umsjón *Supervision* Ómar S Harðarson • omar.hardarson@hagstofa.isBrynjólfur Sigurjónsson • brynjolfur.sigurjonsson@hagstofa.isGuðjón Hauksson • gudjon.hauksson@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandÖllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series